



Skaðsemisábyrgð

Skilmáli A-8

Skaðsemisábyrgð er trygging fyrir fyrirtæki og rekstraraðila sem framleiða og dreifa vörum. Tryggingin tekur mið af skaðabótaábyrgð sem fellur á þann sem tryggður er vegna líkamstjóns eða skemmda á munum.

Um trygginguna gilda skirteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmálum þessum ganga framar ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Almenn ákvæði 2. kafla skilmálans gilda um alla þætti tryggingarinnar.

1. Kafli. Skaðsemisábyrgð

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

a. Ágalli vöru.

Tryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar, sem fellur á tryggðan samkvæmt íslenskum rétti vegna líkamstjóns eða skemmda á munum af völdum ágalla vöru sem tryggður framleiðir, dreifir eða lætur á annan hátt af hendi enda hafi líkamstjónið eða skemmdirnar orðið eftir að tryggður afhenti vöruna.

Greiðsluskylda félagsins takmarkast við bótaábyrgð, sem beinlínis verður rakin til þess að tjóninu hafi verið valdið í starfsemi þeirri sem nefnd er á skirteini og sé af völdum vöru sem haldin er ágalla.

Skilyrði fyrir bótaskyldu er að líkamstjónið eða skemmdir á munum verði raktar til skyndilegs og óvænts atburðar eftir að tryggður afhenti söluvöruna.

b. Íblöndun vöru.

Tryggingin tekur einnig til skaðabótaábyrgðar vegna skemmda á munum, sem búnir eru til úr söluvöru tryggðs, skeyttir eru við hana, blandaðir við hana eða eru á annan sambærilegan hátt tengdir við hana.

Greiðsluskylda félagsins takmarkast við bótaábyrgð, sem beinlínis verður rakin til þess að tjóninu hafi verið valdið í starfsemi þeirri sem tilgreind er á skirteini og farga verður eða gera við hlut, sem búinn er til úr söluvöru tryggðs eða tengdur henni, sbr.1 tölulið, , eða að hluturinn verður dýrari í framleiðslu eða lækkar í verði.

Bætur eru aðeins greiddar fyrir verðryrnun hlutarins, aukakostnað við framleiðslu eða gerð hans eða beinan kostnað við viðgerð á honum.

Ekki eru greiddar bætur fyrir annað tjón, útgjöld eða kostnað, t.d. vegna þess að senda þarf viðgerðarmenn eða aðra starfsmenn á vettvang, taka þurfi hluti aftur, rannsaka eða flytja hluti, sem búnir eru til úr söluvöru tryggðs, eða vara menn við hættu á slíkum hlutum.

Ef skemmdir eða tjón hefur hlotist af söluvöru tryggðs vegna muna, sem getið er um í 1. tölulið, ber að draga frá tryggingarbótum andvirði söluvöru tryggðs, eins og það var miðað við ógallað vöru.

2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin greiðir ekki bætur:

- a. vegna skemmda á vörunni sjálfri.
- b. vegna tjóna, útgjalda eða kostnaðar við að tryggður tekur söluvöru aftur, býr til eða afgreiðir nýja vöru, gerir við, eyði-
leggur eða flytur á brott vöru eða gerir þess háttar ráðstafanir vegna galla á hinu selda. Sama á við um kostnað, útgjöld
eða tjón vegna könnunar á því hvort söluvara sé gölluð eða hætta sé á að atburðurinn gerist eða tjóns sem stafar af því
að ekki er unnt að nota gallaða söluvöru.
- c. vegna rekstrartaps, afnotamissis eða annars óbeins tjóns.
- d. vegna tjóna af völdum söluvöru sem notuð er við rekstur:
 - ökutækja og íhluta þeirra og á annað hvort þátt í umferðarslysi eða veldur hættu á því.
 - loftfara og á annað hvort þátt í flugslysi eða veldur hættu á því.
- e. vegna sérstakra refsiverðra bóta (punitive damages).
- f. vegna fjártjóns sem ótengt er bótaskyldu líkamstjóni eða eignaskemmdum.
- g. vegna sekta eða annarra refsiviðurlaga.
- h. vegna tjóna sem rakið verður til mengunar lofts, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar. Félagið greiðir þó bætur vegna slíks
tjóns ef það verður rakið til skyndilegs og óvænts atburðar og því verði ekki um kennt að tryggður hafi með ásetningi
eða stórfelldu gáleysi látið hjá líða að fara eftir opinberum fyrirmælum sem gilda á hverjum tíma.
- i. vegna tjóna sem hægt er að rekja til gallaðrar vöru sem hefur verið seld eða afhent eftir að sala á henni hefur verið
bönnuð.
- j. vegna tjóna af völdum hryðjuverka
- k. vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. sýkla og veira.
- l. vegna tjóna sem beint eða óbeint að öllu leyti eða hluta stafar af:
 - efninu asbest (asbestos) eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.
 - hvers kyns áhrifum tímaskráningar á starfsemi búnaðar og kerfa eða samblands þess hvoru tveggja.
 - vegna umsjónar eða ráðgjafar um áhrif tímaskráningar á starfsemi búnaðar og kerfa eða samblands þess
hvoru tveggja.
 - heilsuvandamálum sem rekja má til tóbaks, tóbaksvara, nikótíns, nikótínsvara, viðbótarvörur við tóbak- og
nikótín vörur, svo sem filter, sigarettupappír og sambærilegar vörur.
 - bóluefnum, lyfjum eða getnaðarvörnum.
 - lækningabúnaði, silikon vörum og íhlutum í líkama (medical implants).
 - efnavörum, eins og litum, snyrtivörum, fegrunarvörum, úðunarefni fyrir landbúnað, áburðum, eitur, fúaefni
og dýrafóður.
 - vegna tjóna af völdum sýkingar frá dýrum sem seld eru eða afhent lífandi til áframhaldandi eldis.
 - sprengiefnum, flugeldum, gasi og rok gjörnum bensínafurðum.
 - steinsteypu og sementsblönduðum efnum.

Ekki eru greiddar bætur fyrir annað tjón, útgjöld eða kostnað eins og vegna þess að senda þarf viðgerðarmenn eða aðra
starfsmenn á vettvang, taka þarf hluti aftur, rannsaka eða flytja hluti sem búnir eru til úr söluvöru tryggs eða vara menn við
hættu á slíkum hlutum.

3. gr. Varúðarreglur

Tryggðum ber að:

- a. fylgja opinberum reglum og fyrirmælum um efnablandanir.
- b. gefa réttar en ekki villandi upplýsingar um eiginleika eða notkun vöru sem hann selur eða lætur á annan hátt af hendi t.d.
í sölu- eða leiðbeiningabæklingum.
- c. tryggja að vörur sem hann selur eða lætur á annan hátt af hendi fari í lögboðið gæðaeftirlit áður en þær fara á markað og
gera sjálfur þær prófanir og greiningar sem hið opinbera fyrirskipar.
- d. setja ekki á markað söluvöru sem hann veit eða mátti vita að haldin væri skaðlegum eiginleikum.

Geti framleidd söluvara myndað hættulega eiginleika eftir geymslu í tiltekin tíma verða að vera greinilegar merkingar um
síðasta neysludag á umbúðum.

Tryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á
skirteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. vsl.

2. Kafli. Almenn ákvæði

4. gr. Hver er tryggður?

Sá aðili og sú starfsemi sem tilgreind er á skirteini.

5. gr. Hvar gildir tryggingin?

- Tryggingin tekur aðeins til tjóns sem verður á Íslandi.
- Tryggingin tekur einnig til tjóns sem verður í ríkjum utan Íslands sé þeirra sérstaklega getið á skirteini og sérstakt iðgjald hafi verið greitt fyrir þá áhættu.
- Bætur fyrir tjón sem hlýst utan þeirra ríkja sem tilgreind eru á skirteini greiðast ef tjónið verður rakið til söluvöru sem flutt er út úr nefndum ríkjum (óbreytt, endurunnin eða sem hluti af annarri vöru) annaðhvort til einkanota eða í atvinnuskyni, án þess að tryggðum hafi verið eða átt að vera kunnugt um að varan yrði flutt út úr þessum ríkjum.

6. gr. Tryggingartímabil

Tryggingin tekur til skaðabótakröfu sem gerð er á hendur tryggðum á tryggingartímanum, án tillits til þess, hvenær atvik þau orðu sem krafan er reist af. Tryggingin nær ekki til tjóns, sem kemur í ljós áður en tryggingartíminn hefst.

Skaðabótakrafa telst gerð þegar hið fyrsta af eftirfarandi atvikum ber að höndum:

- Tryggðum berst fyrst skrifleg krafa um bætur vegna bótaskylds tjónsatviks.
- Tryggðum eða þeim sem stjórnar atvinnurekstri fyrir hans hönd verður kunnugt um að tjónsatvik hefur orðið eða bein hætta er á að tjón verði sem kann að vera rakið til hegðunar tryggðs eða söluvöru hans.

Félagið bætir ekki tjón vegna bótakröfu, sem gerð er á hendur tryggðum á tryggingartímanum, ef tryggður tilkynnir félaginu ekki um kröfuna innan þriggja mánaða frá lokum tryggingarinnar.

Hafi bótakrafa verið gerð á hendur tryggðum samkvæmt b-lið á tryggingartímanum og fullnægt skilyrðum um þriggja mánaða tilkynningarfrest án þess að skrifleg krafa hafi borist honum, greiðir félagið bótakröfuna þá og því aðeins að tryggðum berist skrifleg krafa eftir a-lið og hann hafi tilkynnt félaginu um kröfuna innan tveggja ára frá lokum tryggingarinnar.

7. gr. Tryggingarfjárhæð

Ábyrgð félagsins takmarkast við þá tryggingarfjárhæð sem tilgreind er á skirteini.

Kostnaður sem til er stofnaður með samþykki félagsins til þess að skera úr um bótaskyldu tryggðs og vextir af bótafjárhæð greiðast enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr tryggingarfjárhæðinni. Sé tryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til þess hlutfalls bótafjárhæðarinnar sem félaginu ber að greiða.

Verði tjón utan Norðurlandanna takmarkast heildar greiðsluskylda félagsins við tryggingarfjárhæðina.

Kostnaður við ráðstafanir til að afstýra eða draga úr tjóni sbr. 16. gr. almennra skilmála félagsins AS-1 greiðast allt að þeirri fjárhæð sem sérstaklega er getið á skirteini.

Greiðsluskylda félagsins vegna bótakrafna sem gerðar eru á hendur tryggðum og raktar verða til sömu orsakar takmarkast við þá tryggingarfjárhæð sem tilgreind er á skirteini.

Ábyrgð félagsins vegna allra krafna takmarkast við tryggingarfjárhæðina á því tryggingarári sem skaðabótakrafa var gerð vegna fyrsta skaðans enda þótt kröfurnar komi fram á fleiri árum.

Draga skal frá tryggingarbætur sem kunna að hafa verið greiddar vegna annarra tjónstílvika á því ári.

8. gr. Áhættubreyting

Tryggðum ber að tilkynna félaginu um allar breytingar á umfangi og eðli rekstursins sem getur haft í för með sér aukna áhættu á tjóni. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið takmörkun á ábyrgð félagsins eða fallið niður að fullu skv. 25. gr. vsl.

9. gr. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

- a. Bætur fyrir líkamstjón ákvarðast á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.
- b. Bætur sem tryggðum ber að greiða launþega úr kjarasamningsbundinni eða lögboðinni atvinnuslysatryggingu koma að fullu til frádráttar bótakröfu launþega á hendur tryggðum hvort sem þessar tryggingar eru fyrir hendi eða ekki.

10. gr. Ákvörðun bóta fyrir beint munatjón

- a. Bætur ákvarðast samkvæmt reglum skaðabótaréttar og skilmála þessum.
- b. Tjón getur aldrei numið hærri fjárhæð en raunverulegu tjóni tjónþola.

11. gr. Meðhöndlun bótakröfu

Sé gerð skaðabótakrafa á hendur tryggða hefur félagið fyrirsvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem viðurkenningu á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.

Félagið er ekki bundið af því ef tryggður viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að tryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti kröfunnar.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2026